

Steingrímur Hermannsson á fundi í Stjórnarráðinu gær:

Ég fer með forystuna í Framsóknarflokknum

„Til að taka af allan vafa um forystuna í Framsóknarflokknum segi ég það strax að ég fer með forystuna í flokknum og er ekki að hætta formennsku. Við störfum hins vegar sem bræður þannig að hnífurinn kemst ekki á milli. Viðræður Halldórs við Jón Baldvin voru með fullu samþykki mínu og ég var þá þegar búinn að lýsa því yfir að allt stefndi í viðreisnarstjórn. Annars vil ég ekki kalla stjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks viðreisn. Ég veit ekki hvað hún á að reisa við. Kannski Sjálfstæðisflokkinn,“ sagði Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra meðal annars á blaðamannafundi í Stjórnarráðinu í gærdeg.


Steingrímur boðaði til fundarins til þess að skýra almennt frá afstöðu Framsóknarflokksins í stjórnarmyndunarviðræðunum og til að þakka blaða- og fréttamönnum samvinnuna á nýliðnu kjörtímabili. Brá fyrir kveðjutón í máli Steingríms.

Ekki eðlilegt boð

Steingrímur sagði að Ólafur Ragnar hefði boðið Jóni Baldvini að leiða ríkisstjórnina og að ekki mundi stranda á sér að ganga að slíku ef það þýddi að stjórn félagshyggju-flokka héldi velli.

„Boð Ólafs Ragnars var þó ekki eðlilegt. Það hefði átt hafa samráð um það. Annars finnst mér ekki óeðlilegt að ég yrði ekki í ríkisstjórn undir forsæti Jóns Baldvins. Ég gæti þá snúið mér meira að flokksstarfinu.“

Steingrímur sagði atburði síðustu daga ekki hafa grafið undan trausti



Steingrímur Hermannsson: Ég er ekki að hætta formennsku í Framsóknarflokknum. DV-mynd BG

milli formanna flokkanna í núverandi starfsstjórn og vel væri hægt að hefja viðræður ef myndun viðreisnarstjórnar byrðist. Hann sagði feng í Kvennalistanum í ríkisstjórn þótt það lengdi kannski sjálfa stjórnarmyndunina. Þá sagðist hann alls ekki útiloka samstarf með Sjálfstæðisflokki færi viðreisnarstjórn út um þúfur. Hins vegar yrði mjög erfitt að ná fram málefnaáttmála sem framsóknarmenn sættu sig við.

Hann sagðist ázægður með viðræður við Jón Baldvin en í þeim væru þó alvarlegir ásteytingarsteinar, eins og sjávarútvegsból, landbúnaðarmál og ríkisfjármál.

„Annars eru tveir mánuðir síðan ég vissi fyrir vist að vissir aðilar í Alþýðuflokknum legðu mjög mikla áherslu á að ná samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. Ég væri ekkert undrandi þótt stjórnarsáttmálinn hafi verið tilbúinn fyrir nokkru. Það eru duglegir menn í þeim flokki.“

Hægritilhneigingar Jóns Sigurðssonar

Steingrímur jätti því að hann ætti við Jón Sigurðsson sem ekki hefði farið leynt með sterkar hægritilhneigingar. Steingrímur sagðist þó ekki áfella Jón fyrir skoðanir hans.

Steingrímur sagði það hafa mjög góð áhrif á Framsóknarflokkinn að vera í stjórnarandstöðu. Ef af viðreisnarstjórn yrði mundi flokkurinn veita harða en málefnalega stjórnarandstöðu.

Steingrímur viðurkenndi að EB-málið hefði farið lengra og í meiri

horku en hann ætlaðist til í kosningabaráttunni.

„Vandinn í EB-málinu var að aldrei var grundvöllur til að ræða það málefnalega. Þetta voru tómar skeytasendingar.“ -hlh

Stjórnarmyndun: Atburðarásin á föstudag

8.00 – Jón Baldvin Hannibalsson fer á fund Steingríms Hermannssonar þar sem þeir fara yfir stöðuna. Jón Baldvin gerir Steingrími grein fyrir vilja meirihluta flokksstjórnar krata um að ganga til formlegra viðræðna við Sjálfstæðisflokk um myndun ríkisstjórnar.

9.00 – Steingrímur Hermannsson ræðir stöðu mála við Ólaf Ragnar Grímsson.

10.00 – Steingrímur Hermannsson fer á fund Vigdísar Finnbogadóttur, forseta Íslands, og gerir henni grein fyrir vilja sínum til að leiða myndun félagshyggjustjórnar.

11.00 – Ráðherrar Framsóknarflokksins hittast í forsætisráðuneytinu þar sem þeir fara yfir stöðuna.

11.15 – Ólafur Ragnar Grímsson fer á fund forseta. Eftir fundinn segir hann að ekkert í mannlegu valdi geti stöðvað þá fyrirætlan Jóns Baldvins Hannibalssonar að gera Davíð Oddsson að kóngi yfir Íslandi.

11.40 – Halldór Ásgrímsson, Guðmundur Bjarnason og Ólafur Ragnar Grímsson ræðast dágóða stund við í fordyri fundarherbergis ríkisstjórnarinnar. Að því loknu segir Halldór Ásgrímsson að Jón Baldvin hafi ekki boðað sig á sinn fund. Jón vilji frekar ræða við Davíð.

15.15 – Davíð Oddsson gengur á fund forseta þar sem hann mun hafa lýst sig reiðubúinn að leiða formlegar viðræður um stjórnarmyndun.

16.00 – Þingflokksfundur hjá krötum. Jóni Baldvini veitt umboð til að benda á að Davíð Oddssyni verði fallið umboð til stjórnarmyndunar.

16.00 – Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Kristín Halldórsdóttir, Kvennalista, ganga á fund forseta. Ræða stöðuna en mæla ekki með að neinn fái stjórnarmyndunarumboð.

16.05 – Blaðamannafundur hjá Steingrími Hermannssyni í fundarherbergi ríkisstjórnarinnar. Steingrímur gerir grein fyrir afstöðu Framsóknar í óformlegum stjórnarmyndunarviðræðum undanfarna daga. Fundurinn ber yfirbragð kveðjustundar þar sem blaða- og fréttamönnum er þakkað samstarfið.

17.00 – Jón Baldvin Hannibalsson gengur á fund forseta. Þar mun hann hafa bent á að Davíð Oddsson fengi umboð til stjórnarmyndunar.

18.00 – Forseti Íslands kveður Davíð Oddsson á sinn fund og felur honum umboð til myndun nýrrar ríkisstjórnar er njóti meirihlutafylgis á Alþingi. Davíð segir við DV að formlegar viðræður við Alþýðuflokk hefjist klukkan 14.00 á laugardag.

Sorpa þrefaldar rekstrarkostnað: Eyðing efna dýrari en innkaupsverðið

– þegar um eiturefni er að ræða

Með tilkomu Sorpu, sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins, þrefaldast kostnaður við sorpeyðingu. Hingað til hefur það kostað 100 milljónir á ári að eyða sorpi en kemur til með að kosta 300 milljónir. Auk þess verða aðilar, sem þurfa að losna við ýmis efni, sem flokkast undir eiturefni, að borga hærra verð fyrir eyðingu efnanna heldur en það sem þeir keyptu efnið á.

Ógmundur Einarsson, framkvæmdastjóri Sorpu, segir að kostnaðaraukinn sé vegna þess að nú verði tekið upp nútímavinnubrögð sem útheimti meiri útgjöld.

„Hingað til hefur nánast ekkert verið gert annað en að urða sorpið en sú meðhöndlun sem verður hér eftir kostar miklu meira. Það er búið að fjárfesta fyrir 600 milljónir og þessi kostnaður á meðal annars að standa undir því,“ segir Ógmundur.

Ástæða þess að eyðing sumra efna verður dýrari en innkaupsverð er sú að flytja þarf efnið út til eyðingar að sögn Ógmundar.

„Samkvæmt mengunarreglugerð ber mönnum að skila þessum efnunum til okkar og þeir þurfa að greiða fyrir það eyðingargjald sem er geysihátt og fer eftir eðli þeirra efna sem um er að ræða. Það er enginn eyðingarmöguleiki nema að flytja þau til Danmerkur og það skýrir kostnaðinn,“ segir Ógmundur.

Það efni sem dýrast er að eyða er PCB sem er í rafmagnsspennum og slíku. Þá er mjög dýrt að eyða leysiefnum og efnun frá rannsóknastofum og efnalaugum. Eyðingargjald á kíló af slíkum efnun er í kringum 120 krónur meðan gjald fyrir venjulegt sorp er 2-3 krónur.

Ógmundur segir að mörg fyrirtæki mæti þessum kostnaði með því að leita nýrra efna sem kosti minna í eyðingu og eru umhverfisvænni. Þessu eru aðilar, sem þurfa að greiða þennan kostnað, ekki sammála. Þeir halda því fram að kostnaðaraukinn komi til með að fara beint út í verðlagið. -ns

Líf mitt breyttist þegar John dó

– segir Yoko Ono sem nú dvelst hér á landi

„Ég ætla mér að dveljast hér á landi í nokkra daga og vonast til að geta kynnst landinu sem mest á þeim tíma. Ég hef mikinn huga á að fara í Bláa lónið og fara í skoðunarferð til Hveragerðis og sjá Geysi gjósa,“ sagði Yoko Ono við blaðamann á fundi sem hún hélt með þeim á Kjarvalsstöðum.


Yoko er hingað komin til að fylgja úr hlaði sýningu á rúmlega eitt hundrað verkum eftir sig, verkum sem ýmist eru hlutir, hljóðverk eða leiðbeiningarverk. Um leið og opnuð verður sýning á verkum Yoko verður einnig á Kjarvalsstöðum opnuð sýning á verkum eftir listamenn sem tilheyra flúxus-hreyfingunni en Yoko er einmitt ein þeirra. Í för með Yoko er Jon Hendricks sem er talinn einn mesti sérfræðingur um flúxus-hreyfinguna.

Yoko Ono sagði að hún hefði verið spennit að koma hingað. Hún fengi ávallt mikið af bréfum hvaðanæva úr heiminum og þau bréf, sem hún hefði fengið frá Íslandi, væru mjög vel skrifuð og innihaldsrík og greinilegt væri að Íslendingar væru mjög meðvitaðir um hvað væri að gerast í heiminum.

Á undanförunum árum hefur Yoko Ono látið mjög til sín taka í friðar- og mannúðarmálum og var henni tíðrætt um friðarhreyfingar sem hún styður eindregið: „Ég tel að friður í heiminum sé ekkert sem er ómogu-

legt. Við erum vonandi skynsamari en fyrri kynslóðir, við höfum hæfileika til að gera friðinn raunverulegan og hjálpa hvert öðru.“

Aðspurð hvort hún væri öðruvísi manneskja en áður sagði Yoko að hún væri fyrst og fremst nútímanneskja sem lifað hefði breytta tíma: „Ég held að ég sé þolinmóðari núna. Áður þurfti ég að gera allt strax. Líf mitt breyttist þegar John dó, ég átti lengi mjög erfitt en þá fann ég upp á því að skrifa póstkort. Ef ég sá eitthvað eða las sem var athyglisvert eða höfðaði til mín sendi ég allaf viðkomandi höfundu póstkort þar sem ég þakkaði fyrir mig. Þetta hjálpaði mér þá og hef ég haldið í þennan sið upp frá því.“ -HK



Yoko Ono á blaðamannafundi í gær. DV-mynd HS